

## Valgarður Baldvinsson, bæjarritari

Afhending 2012/69

Valgarður Baldvinsson fæddist á Grund í Hrafnagilshreppi 28. október árið 1928. Faðir hans var smiður og móðir hans var ljósmóðir. Fjölskyldan flutti á Akureyri árið 1929.

Valgarður útskrifaðist úr Menntaskólanum á Akureyri árið 1949 og það sama ár hóf hann nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hann útskrifaðist þaðan 1954. Hann hóf störf hjá Akureyrarkaupstað í júní 1954 og starfaði þar samfleytt til starfsloka árið 1998. Fyrsta starf hans hjá Akureyrarkaupstað var sem aðalbókari, starf sem hann gegndi til 1957 þegar hann flutti sig um set og varð bæjargjaldgeri. Árið 1964 var hann síðan ráðin bæjarritari. Hann gegndi nokkrum sinnum starfi bæjarstjóra í forföllum.

Valgarður var formaður Ferðafélags Akureyrar frá 1968 til 1974 og sat í ýmsum nefndum og ráðum fyrir Akureyrarbæ, meðal annars í leikhúsráði. Hann var gerður heiðursfélagi í Leikfélagi Akureyrar árið 1998.

Árið 1967 kvæntist hann Sigrúnu Björgu Björgvinsdóttur. Þau eignuðust 2 börn.

Afhendingin barst frá Valgarði sjálfum. Ekki hafa komið aðrar afhendingar úr hans fórum en hann afhenti fjöldan allan af skjölum frá Akureyrarbæ í starfi sínu sem bæjarritari.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
21. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Valgarður Baldvinsson</b>			
A-Valgarður Baldvinsson -			
<b>Valgarður Baldvinsson (1928-), bæjarritari</b>			<b>2012 / 69</b>
2012 - A / 1	1	-	Ljóðið „Þrautir Herkúlesar“ eftir Matthías Jochumsson (handskrifað, óstaðfest rithönd; óárs.)
			Fannst inni í bók sem Valgarður fékk í fermingargjöf árið 1942